

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúar.

Nr. 43/1909:

Einar M. Jónasson  
gegn  
Runólfi E. Sverresen.

#### D ó m u r :

Stefndur Runólfur E. Sverresen og Sveinbjörn nokkur Stefánsson snikkari makaskiftu síðast á árinu 1906 húseignum sínum í Reykjavík, Litlu-Klöpp, er stefndur átti og nr. 40 B við Njálsgötu, er Sveinbjörn átti, og var verð eignanna ákveðið 2700 kr. og 4700 kr. Fengu þeir aðstoð áfrýjanda málflytningsmanns Einars M. Jónasonar til að koma makaskiftunum í lag, og átti hann að fá sem þóknun fyrir starf sitt 2% af verði hinna makaskiftu eigna eða 54 kr. + 94 kr. Um sama leyti og þessi makaskifti gerðust, fekk áfrýjandi fyrir hönd stefnda endurgreiddar á bæjarfógetaskrifstofunni í Reykjavík 300 kr., sem losnuðu þar úr tryggingu fyrir eigandaskiftin á Litlu-Klöpp og tilheyrðu stefndum, en þegar stefndur krafðist upphæðar þessarar af áfrýjanda, hélt hann eftir af henni og tók til sín í forboði stefnds 96 kr., þar af 94 kr. sem sölulaun fyrir húseign Sveinbjarnar nr. 40 B við Njálsgötu og 2 kr. fyrir veðbókarvottorð, er hann taldi

sig hafa lagt út vegna makaskiftanna. Höfðaði þá stefndur mál þetta til þess að fá áfryjanda dæmdan til að greiða sér greindar 96 kr. og var það dæmt í bæjarþingsrétti Reykjavíkur 15. apríl f. á. þannig, að áfryjandinn var skyldaður til að greiða stefndum 95 kr. með 6% vöxtum frá 10. des. 1907 og í málskostnað 25 krónur. Tæðum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 23. ágúst f. á. og krafist þess, að verða að fullu sýknaður fyrir öllum kærum og kröfum stefnda og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum. Stefndur hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að áfryjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfryjandi hefir haldið því fram, að þeir báðir, stefndur og Sveinbjörn, hafi verið skyldugir, báðir fyrir einn og einu fyrir báða, til að greiða sér alla borgunina fyrir starf sitt við makaskiftin, án tillits til þess, hvornig þeir skiftu kostnaðinum sín á milli, og hafi hann því haft rétt til að taka einnig þann hluta sölulaunanna, 94 kr., er svaraði til húseignar Sveinbjarnar af fyrgetnum 300 kr., er hann hafði í höndum fyrir stefndan. En þessi staðhæfing áfryjanda styðst ekki við neitt í málinu, og í bága við hana kemur það, að tveim dögum síðar en makaskiftasamningurinn var undirskrifaður, lét áfryjandi Sveinbjörn gefa sér ávisun á stefnda fyrir þessum 94 kr. og, að Sveinbjörn sjálfur, í vottorði, er áfryjandi sjálfur hefir lagt fram í málinu, segir sig hafa átt að greiða þenna hluta sölulaunanna. Það verður þannig eigi álitíð gegn mótmælum stefnda, að hann hafi í fyrstu tekið upp á sig skyldu að greiða sölulaunin nema að þeim hluta, er húseign þá snertir, er hann var seljandi að. Það er

heldur eigi sýnt eða sannað í málinu af áfrýjanda hálfu, að stefndur hafi tekist neina skuldbinding á hendur gagnvart áfrýjanda að því er greiðslu þessa hluta sölulaunanna áhrærir, er réttlætt geti neitun áfrýjanda að skila hinni umstefndu upphæð, og sérstaklega er það ekki upplýst, að stefndur hafi skuldbundið sig gagnvart áfrýjanda til að greiða honum ávísun þá frá Sveinbirni fyrir upphæðinni, er fyr er getið, hvorki með því að rita á ávísunina samþykki sitt, eða á annan hátt, en án slíkrar skuldbindingar frá stefnda hálfu gat áfrýjandi eigi krafist borgunar á ávísuninni af stefndum, né tekið undir sjálfum sér af fé hans til lúkningar henni. Það verður samkvæmt þessu að fallast á það álit undirdómarans, að áfrýjanda hafi verið óheimilt að halda eftir greindum 94 kr. og að honum beri að skila stefndum þessu, og sama er að segja um 1 kr. þá, er þá er eftir af dómsupphæðinni og áfrýjandi hefir eigi borið á móti að hafi verið tekin af fé stefnda fyrir veðbókarvottorð viðvíkjandi húseign Sveinbjarnar, er Sveinbjörn verður að álitast hafa átt að greiða. Það ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefndum 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Einar M. Jónasson málfutningsmaður greiði stefndum Runólfi E. Sverrisen í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 30. janúar.

Nr. 54/1909:

Þorsteinn Magnússon  
gegn

Birni Kristjánssyni  
fyrir hönd Landsbanka Íslands.

D ó m u r :

Málaflutningsmaður sá, er stefnt hefir máli þessu fyrir yfirdóminn í nafni áfrýjanda og farið með það hér fyrir réttinum, sem umboðsmaður hans, byggir heimild sína til að reka réttar áfrýjanda í málinu og krefjast dóms í því á umboðsskjali, er annar maður hefir útgefið og undirskrifað en áfrýjandi, og virðist snerta annað mál en það er hér liggur fyrir. Með svo lagað umboð fyrir augum getur yfirdómurinn eigi tekið gilda áfrýjun málaflutningsmannsins og kröfur hans í nafni áfrýjandans og lagt dóm á málið, er verða mundi bindandi úrslit á því fyrir áfrýjandann, og verður því ex officio að frávísa málinu. Málskostnaður þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu víasast frá yfirdómi. Málskostnaður falli niður.